

Ár 2010, þriðjudaginn 23. febrúar, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jakobi R. Möller og Jónasi Þór Guðmundssyni.

Fyrir var tekið:

### **Að ákveða laun og starfskjör forstjóra RARIK ohf.**

#### **I.**

Fullskipað kjararáð hefur í dag kveðið upp úrskurð nr. 2010.4.001 um almennar forsendur ákvarðana um laun og önnur starfskjör þeirra sem með lögum nr. 87/2009 bættust í þann hóp sem undir kjararáð heyrir. Meðal þeirra er forstjóri RARIK ohf. en hlutafélagalögum nr. 2/1995 var breytt með fyrrnefndum lögum þannig að kjararáð ákveður nú laun og starfskjör framkvæmdastjóra hlutafélaga sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins. Með þessum úrskurði tekur þriggja manna kjararáð ákvörðun um launakjör forstjóra RARIK ohf. og byggist hún á þeim almennu forsendum sem ákveðnar eru í úrskurði fullskipaðs kjararáðs. Ber því að líta á úrskurðina sem eina heild.

#### **II.**

Kjararáð skrifaði forstjóra og stjórn RARIK ohf. bréf 22. september 2009 og gaf þeim kost á að koma sjónarmiðum á framfæri við ráðið auk þess sem óskað var eftir ítarlegum upplýsingum um öll núverandi starfskjör, þar með talin hlunnindi, svo sem bifreiða- og aksturshlunnindi, sérstakar greiðslur í lífeyrissjóð o.þ.h. Auk þess var óskað eftir upplýsingum um öll launuð aukastörf. Í bréfunum voru kynntar helstu breytingar sem gerðar voru með lögum nr. 87/2009 á lögum um kjararáð og á hlutafélagalögum nr. 2/1995. Sérstaklega var óskað eftir afriti af ráðningarsamningi eða erindisbréfi. Fjármálaráðuneyti var skrifað 19. október 2009 og gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Formaður stjórnar svaraði með bréfi dagsettu 7. október 2009. Í bréfinu sagði að RARIK ohf. væri fyrirtækjasamstæða sem samanstæði af nokkrum fyrirtækjum. RARIK ohf., móðurfélag samsteypunnar, væri nú nær eingöngu í einkaleyfisstarfsemi í dreifingu raforku víða um land. Fyrirtækið hefði starfstöðvar á um 25 stöðum á landinu og ræki lang umfangsmesta háspennukerfi landsins. Velta móðurfélagsins væri um 5,4 milljarðar, niðurstöðutala efnahagsreiknings 31 milljarðar og starfsmenn um 200. Dótturfélög RARIK ohf. væru Orkusalan ehf., RARIK Orkuþróun ehf., Ljós- og gagnaleiðari ehf. og Héraðsvötn ehf. Orkusalan ehf. væri samkeppnisfyrirtæki í orkusölu og orkuframleiðslu með næst mestu markaðshlutdeild hér á landi í smásölu á rafmagni á eftir Orkuveitu Reykjavíkur. Velta félagsins væri 3,3 milljarðar, niðurstöðutala efnahagsreiknings 6 milljarðar og starfsmenn ellefu. RARIK orkuþróun ehf. væri fyrirtæki sem ynni að þróunarverkefnum innanlands og erlendis. Undir félagið heyrðu dótturfélögin Sunnlensk Orka ehf. og Íslensk sjávarorka ehf. sem bæði ynnu að undirbúningi virkjanaframkvæmda hér á landi og dótturfélagið Turkison, sem stundi jarðvarmarannsóknir í Tyrklandi. Þá heyrðu undir félagið eignarhlutir í fyrirtækjunum Blaafall Energi í Noregi og Devision ehg sem væri með starfstöð í Slóveníu. Velta RARIK orkuþróunar ohf. væri aðeins nokkrir tugir milljóna, niðurstöðutala efnahagsreiknings 215 milljónir og einn starfsmaður. Ljós- og gagnaleiðari ehf. væri nýstofnað dótturfyrirtæki sem héldi utan um ljósleiðaraeign samstæðunnar. Þar væri enginn starfsmaður og velta óveruleg. Héraðsvötn ehf. væri dótturfélag í rannsóknarundirbúningi vegna virkjana í Skagafirði. RARIK ætti 22% hlutdeild í Landsneti ehf. sem hefði einkaleyfi í raforkuflutningi hér á landi. Forstjóri væri stjórnarformaður í öllum dótturfélögum öðrum en Héraðsvötnum

ehf. Þá væri hann einnig stjórnarformaður í Sunnlenskri orku ehf. og sæti fyrir hönd RARIK ohf. í stjórn Samorku, samtökum orku- og veitufyrirtækja.

Í bréfinu var vísað í ráðningarsamning frá ágúst 2006. Hann væri þannig uppbyggður að vinnutíma forstjóra væru engin takmörk sett og því væri ekki gert ráð fyrir sérstökum greiðslum fyrir vinnu utan hefðbundinnar dagvinnu. Mætti gera ráð fyrir að vinna utan dagvinnu væri á milli 50-60 stundir á mánuði. Í október 2008 hefði umsaminni hækkun á launum samkvæmt ráðningarsamningi verið frestað og í febrúar 2009 hefði verið gert samkomulag um tímabundna lækkun launa forstjóra.

Í ráðningarsamningi sagði meðal annars að gagnkvæmur uppsagnarfrestur væri tólf mánuðir, forstjóri skyldi helga RARIK ohf. starfskrafta sína. Forstjóri gæti valið milli þess að fá bifreið til afnota frá fyrirtækinu eða að fá greiddan bifreiðakostnað auk launauppbótar og hefði hann valið síðari kostinn. Forstjórinn væri skuldbundinn til þess að stunda ekki neina starfsemi sem skaðað gæti samkeppnisstöðu RARIK ohf. í eitt ár eftir að hann lyki störfum hjá fyrirtækinu. Í viðbótarsamningi kom fram að laun forstjórans hefðu lækkað um 6% 1. mars 2009.

Í bréfi forstjóra, dagsettu 7. október 2009, lýsti hann þeirri skoðun sinni að farsælast væri að stjórnir fyrirtækja ákvæðu launakjör forstjóra þeirra, þær væru í nánustu tengslum við viðkomandi og gætu til dæmis tekið tillit til árangurs í starfi við ákvörðun launa. Þá yrði ekki séð að laun ákveðins ráðherra væru góð viðmiðun um launakjör. RARIK ohf. ræki umfangsmikla starfsemi um allt land, að höfuðborgarsvæðinu og Vestfjörðum undanskildum. Það kallaði á mikil ferðalög innanlands og fundahöld. Fyrirtækið væri með mjög umfangsmiklar framkvæmdir við dreifikerfi um allt land. Framkvæmdaþörf væri um tveir milljarðar á ári. Velta samstæðunnar væri áætluð um 7,8 milljarðar árið 2009. Grunnstarfsemi fælist í því að dreifa raforku um allt land utan höfuðborgarsvæðisins og Vestfjarða. RARIK ohf. hefði eftirlit allan sólarhringinn og tæki forstjóri þátt í úrlausn vandamála eftir þörfum og gætu þau komið upp allan sólarhringinn. Vinnutími forstjóra væri að jafnaði um tíu tímar á dag á virkum dögum auk tveggja til þriggja daga í mánuði um helgar. Auk þess kæmu upp tilvik sem leysa þyrfti úr utan þessa vinnutíma.

Fjármálaráðuneytið svaraði með bréfi dagsettu 28. október 2009. Í bréfinu sagði að RARIK ohf. hefði verið stofnað 1. ágúst 2006 og hefði þá tekið við rekstri Rafmagnsveitna ríkisins, en laun forstjóra Rafmagnsveitnanna hefðu verið ákveðin af kjaranefnd og væri eðlilegt að kjararáð horfði til þess við ákvörðun á launakjörum forstjóra RARIK ohf.

Með bréfi dagsettu 18. janúar 2010 kynnti kjararáð forstjóra RARIK ohf. drög að fyrirhuguðum úrskurði um almennar forsendur ákvörðunar um laun, svo og fyrirhugaða ákvörðun um laun hans og önnur starfskjör og gaf honum kost á að koma athugasemdum sínum á framfæri við ráðið.

Forstjórinn svaraði með bréfi dagsettu 1. febrúar 2010. Í því sagði að hann gerði að meginstefnu til ekki sérstakar athugasemdir við þá umfjöllun sem væri að finna í almennum forsendum. Af bréfinu yrði þó ekki skýrlega ráðið hvað réði fyrirhugaðri ákvörðun um launaflokk og einingafjölda. Hann ætti því óhægt um vik að taka afstöðu til þess hvort innbýrðis samræmis væri gætt, bæði gagnvart embættismönnum svo og öðrum framkvæmdastjórum hlutafélaga í meirihlutaeigu ríkisins. Óskaði hann eftir ítarlegri upplýsingum þar að lútandi. Þá vildi hann benda á að vegna umfjöllunar í almennum forsendum um að mikilvægi og ábyrgð starfa framkvæmdastjóra hlutafélaga í eigu ríkisins væri vart meira en hjá háttsettum embættismönnum sem hefðu þó verið með lægri laun, að framkvæmdastjórar hlutafélaga, þar á meðal opinberra hlutafélaga, gætu borið skaðabótaábyrgð vegna starfa sinna, sbr. meðal annars 134. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og almennar reglur skaðabótaréttar. Ekki væri jafn líklegt að á skaðabótaábyrgð háttsettra embættismanna gæti reynt og í tilvikum

starfsmanna hlutafélaga. Auk þess væri á það bent að ýmsir þeir sem heyrðu undir kjararáð nýtu aukinnar réttarverndar á grundvelli laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins samanborið við framkvæmdastjóra hlutafélaga og hefði það að vissu leyti verið talið til hluta af kjörum viðkomandi. Þá taldi hann eðlilegt að réttaráhrif ákvörðunar kjararáðs miðuðust við tiltekna dagsetningu í framtíðinni þannig að líta mætti svo á að núgildandi launakjörum hefði verið sagt upp í samræmi við samningsbundinn uppsagnarfrest.

Kjararáð sendi forstjóranum bréf, dagsett 9. febrúar 2010, og gaf honum kost á að koma frekari sjónarmiðum og athugasemdum á framfæri við ráðið. Bréfinu fylgdi rökstuðningur kjararáðs fyrir fyrirhugaðri ákvörðun um launakjör, þar sem meðal annars kom fram við hvað hún væri miðuð.

Bréf barst frá forstjóra RARIK, dagsett 18. febrúar 2010. Í bréfinu sagði að ekki væri auðvelt að átta sig á því hvers vegna kjararáð kysi að taka mið af mánaðarlaunum ríkislögreglustjóra, forstjóra Tryggingarstofnunar og fjársýslustjóra, þegar laun hans væru ákvörðuð. Rökstuðningur kjararáðs væri enn svo rýr að hann ætti þess vart kost að neyta andmælaréttar síns, honum væri ókunnugt hvaða forsendur lægju nákvæmlega að baki. Þess utan byggði samanburðurinn á hæpnum forsendum. Embættismenn nýtu meðal annars verndar samkvæmt lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, en það ætti ekki við um forstjóra RARIK. Auk þess nýtu þeir þess hagræðis sem fylgdi því að vera með fjárveitingar á fjárlögum. Lagaleg ábyrgð forstjóra opinberra hlutafélaga væri í reynd víðtækari en gildi um forstöðumenn ríkisstofnana, a.m.k. væri líklegra að á hana gæti reynt. Eðlilegra hefði verið að miða grunnlaun hans við laun forstjóra annarra fyrirtækja í sambærilegri starfsemi, svo sem Landsvirkjunar, Landsnets, HS Orku og Orkuveitu Reykjavíkur. Mat hans væri að hann ætti að taka laun samkvæmt mun hærri flokki.

### III.

RARIK ohf. er hlutafélag í eigu ríkisins og var stofnað með lögum nr. 25/2006 og tók þá við rekstri Rafmagnsveitna ríkisins sem starfað höfðu frá 1. janúar 1947. Í 4. gr. laganna segir að tilgangur hlutafélagsins skuli vera að framleiða, dreifa og eiga viðskipti með raforku og varmaorku ásamt hverri þeirri starfsemi annarri sem nýtt geti rannsóknir, þekkingu eða búnað félagsins. Hlutafélagið tók við einkarétti Rafmagnsveitna ríkisins og þeim réttindum og skyldum sem Rafmagnsveiturnar höfðu. Megináhersla fyrirtækisins nú er á raforkudreifingu og er megnið af dreifikerfi í sveitum í umsjá RARIK ohf.. Dreifikerfi félagsins nær til allra landshluta nema Vestfjarða og til 43 þéttbýliskjarna víðsvegar um landið. Auk dreifikerfis raforku á og rekur RARIK ohf. fimm hitaveitur í þéttbýli. Með tilkomu nýrra orkulaga árið 2003 og ákvæðum um aðskilnað samkeppnis- og einkaleyfisþátta var ákveðið að stofna sérstakt dótturfélag, Orkusöluna, um framleiðslu og sölu á vegum fyrirtækisins. RARIK ohf. rekur auk þess allmörg önnur dótturfélög eins og fram kemur í kafla II.

Í reglum RARIK ohf. um hlutverk og framkvæmd starfa stjórnar félagsins segir að stjórnin skuli sinna stefnumótun, eftirliti og töku meiriháttar ákvarðana. Stjórnin fer með málefni félagsins og skal sjá um að stjórnskipulag rekstrar þess og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórnin ræður forstjóra og ákveður verksvið hans. Forstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri, hann fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum félagsins sem ekki eru falin öðrum samkvæmt lögum.

### IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006 segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við

ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Með lögum nr. 148/2008 var kjararáði falið, án tillits til fyrri lögmæltra viðmiða, að kveða upp úrskurð fyrir árslok 2008 er fæli í sér 5–15% launalækkun alþingismanna og ráðherra er gilti frá 1. janúar 2009. Til ársloka 2009 skyldi ráðinu óheimilt að endurskoða úrskurðinn til hækkunar. Jafnframt skyldi kjararáð endurskoða kjör annarra til samræmis. Svohljóðandi málsliður bættist við 8. gr. laganna með breytingu sem gerð var á lögum um kjararáð með lögum nr. 87/2009: „Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra skv. 3. gr.“ Föst laun forsætisráðherra eru nú 935.000 krónur á mánuði. Síðast var lögum um kjararáð breytt með lögum nr. 127/2009 en í þeim segir að til nóvemberloka 2010 sé óheimilt að endurskoða til hækkunar úrskurði sem kveðnir höfðu verið upp á grundvelli laga nr. 148/2008. Við endurskoðun eða ákvörðun kjara annarra aðila sem heyra undir ráðið skuli gætt innbyrðis samræmis eftir því sem framast sé unnt og að virtum ákvæðum 8. gr. laga nr. 47/2006.

Með þeim breytingum, sem að ofan greinir, á skipulagi ákvarðana um launakjör þeirra sem heyra undir kjararáð hefur, eins og fram kemur í úrskurði um almennar forsendur nr. 2010.4.001, verið raskað því fyrirkomulagi og viðmiðum sem tilgreind voru í 8. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006 eins og þau upphaflega voru. Kjararáð verður samkvæmt 8. gr. eins og hún nú er fyrst og fremst að miða við föst laun forsætisráðherra og þær ákvarðanir sem Alþingi tók um lækkun launa þeirra sem hafa heyrt undir ákvörðunarvald ráðsins. Af þessu leiðir einnig, að svo geti í auknum mæli farið að æðsti stjórnandi hlutafélags eða stofnunar í eigu ríkisins verði ekki með hæst laun starfsmanna, en við því hefur kjararáð engin úrræði. Fyrirvaralaus ákvæði laga nr. 148/2008 og 87/2009 hafa í reynd afnumið meginefni 8. gr. laga um kjararáð.

Þeir sem heyra undir ákvörðunarvald kjararáðs taka laun samkvæmt launaflokkum 123 til 142, að forseta Íslands og forsætisráðherra undanskildum. Mánaðarlaun í launaflokki 123 eru 458.224 krónur, í launaflokki 140 806.230 krónur og í launaflokki 142 862.207 krónur. Í launaflokkum 140 til 142 eru hæstaréttardómarar, ríkissáttasemjari, ríkisendurskoðandi, rektor Háskóla Íslands, vegamálastjóri, skrifstofustjóri Alþingis og ráðuneytisstjórnar. Auk mánaðarlauna fá þessir embættismenn greitt fyrir yfirvinnu og álag í formi eininga, 6 til 24 einingar á mánuði, forseti Hæstaréttar mest, en aðrir mest 18 einingar. Einingafjöldi til viðbótar mánaðarlaunum í launaflokkum 123 til 142 er almennt á bilinu 0-20.

Við ákvörðun mánaðarlauna forstjóra RARIK ohf., þ.e. fastra launa fyrir dagvinnu, hefur kjararáð meðal annars tekið mið af mánaðarlaunum ríkislögreglustjóra, forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins og fjársýslustjóra, en þeir eru í launaflokki 138. Þá hefur kjararáð við ákvörðun einingafjölda gætt meðalhófssjónarmiða til þess að komast hjá því að laun lækki óhóflega. Þetta leiðir til tímabundins ósamræmis við laun þeirra sem hafa heyrt undir kjararáð, en búast má við endurskoðun einingafjölda allra þeirra sem undir það heyra eftir 1. desember 2010 eins og nánar er gerð grein fyrir í úrskurði nr. 2010.4.001.

Kjararáð hefur fjallað um setu forstjórans í stjórnnum dótturfélaga RARIK ohf. og er niðurstaða ráðsins að seta forstjórans í stjórnunum tilheyri aðalstarfi og skuli ekki launa hana sérstaklega. Kjararáð hefur einnig fjallað um setu hans í stjórn Samorku og er niðurstaða ráðsins að um sé að ræða hluta af aðalstarfi og skuli stjórnarlaun því renna til RARIK ohf.

Vakin er athygli á því að í úrskurði nr. 2010.4.001 um almennar forsendur segir að kjósi framkvæmdastjóri að halda bifreiðahlunnindum samkvæmt ráðningarsamningi, þar með töldum greiðslum sem miðast við tiltekinn fjölda ekinna kílómetra, skuli verðmæti þeirra samkvæmt mati ríkisskattstjóra dragast frá heildarlaunum sem kjararáð ákveður og fram koma

í ákvörðunarorði. Jafnframt segir að laun séu ákveðin miðað við lífeyrisréttindi í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) og sé miðað við að verðmæti iðgjalds launagreiðanda sé 20% af heildarlaunum. Sé iðgjald launagreiðanda í annan lífeyrissjóð en LSR, að séreignasjóði meðtöldum, hærra eða lægra en 20% af launum skulu heildarlaun, sem ákveðin verða af þriggja manna kjararáði, hækka eða lækka um það hlutfall sem mismuninum nemur. Sama á við ef greitt er meira eða minna en 2% af launum í séreignasjóð fyrir félaga í LSR, sjá nánar kafla VIII í úrskurði nr. 2010.4.001. Þá skulu greiðslur fyrir fastlínusíma á heimili framkvæmdastjóra dragast frá heildarlaunum sem fram koma í ákvörðunarorði.

Eins og fram kemur í IX. kafla úrskurðar kjararáðs nr. 2010.4.001 taka ákvarðanir ráðsins gildi frá ákvörðunardegi nema annað sé sérstaklega tekið fram í einstökum ákvörðunum.

Að öðru leyti en hér kemur fram vísast til úrskurðar kjararáðs um almennar forsendur nr. 2010.4.001, sem gilda um laun og starfskjör forstjóra RARIK ohf.

## V.

### Ákvörðunarorð

Frá og með 1. mars 2010 skulu mánaðarlaun forstjóra RARIK ohf. vera samkvæmt launaflokki 502-138, nú 753.974 krónur. Að auki skal greiða honum 50 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu og álag er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-126, nú 5.058 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Kjósi forstjóri RARIK ohf. að halda bifreiðahlunnindum sínum skal draga verðmæti þeirra samkvæmt mati ríkisskattstjóra frá heildarlaunum sem hér eru ákveðin.

Sé iðgjald launagreiðanda í annan lífeyrissjóð en Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, að séreignasjóði meðtöldum, hærra eða lægra en 20% af launum skulu heildarlaun sem hér eru ákveðin hækka eða lækka um það hlutfall sem mismuninum nemur.

Seta í stjórnnum dótturfélaga RARIK ohf. er hluti af aðalstarfi forstjórans og skal ekki launa hana sérstaklega. Seta í stjórn Samorku er hluti af aðalstarfi og ber ekki að launa sérstaklega, skulu stjórnarlaun því renna til RARIK ohf.

Laun eru miðuð við fullt starf þannig að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstjórans gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Ákvörðun þessi gildir fyrir þann sem nú gegnir starfi forstjóra RARIK ohf.

---

Guðrún Zoëga

---

Jakob R. Möller

---

Jónas Þór Guðmundsson